



UMHVERFISSTOFNUN

Samantekt efnateymis 2013

Innihald

Inngangur .3	
Gerð upplýsingablaða og staðalskjala, drög að reglugerðum.....	3
Heimild til tolláritunar	4
Eftirlitsverkefni.....	4
Viðbrögð við tilkynningum HES um vanmerkta vöru.....	8
Skýrsluskil til ESA og UNEP.....	8
Fræðsla og kynning Umhverfisstofnunar	9
Norrænt og evrópskt samstarf.....	10
Fréttir og fjölmiðlaumfjöllun 2013	11

Inngangur

Efnateymið tók til starfa 1. mars við skipuritsbreytingar hjá Umhverfisstofnun. Ný efnalög nr. 61/2013 tóku gildi 16. apríl og fór drjúgur tími á árinu í að kynna þau, skrifa drög að nýjum reglugerðum, byggja upp teymið og aðlaga vinnu þess að efnalögnum.

Hlutverk Umhverfisstofnunar skv. efnalögum og þar með efnateymis er tilgreint í 5. gr. efnalaga. Verkefni eru margþætt og eru þau helstu tilgreind í þessari samantekt.

Gerð upplýsingablaða og staðalskjala, drög að reglugerðum

Eitt af föstu verkefnum efnateymis er að greina reglugerðir og tilskipanir ESB og senda til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis (UAR), og er þar um að ræða bæði nýjar reglugerðir sem og breytingar á gildandi reglugerðum. Þegar gerðir Evrópusambandsins hafa verið birtar í viðbæti við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið þá vinnur efnateymið drög að reglugerðum og sendir til UAR.

Reglugerð	Fjöldi upplýsingablaða og staðalskjala	Drög að reglugerðum
REACH	4	3
Flokkun og merking	3	1
Sæfivörur	34	4
Plöntuverndarvörur,	69	2
Snyrtivörur	4	2
Ósoneýðandi efni og gróðurhúsalofttegundir		1
Þvotta- og hreingerningarefni		1
Rafhlöður og raftæki	2	
Eldsneyti	1	1
Þrávirk lífræn efni		2
Rokgjörn lífræn efni		1
Samtals	117	18

Heimild til tolláritunar

Umhverfisstofnun veitir heimild til tolláritunar ýmissa efna og efnablandna sem um gilda takmarkanir. Árið 2013 voru veittar 190 slíkar heimildir og skiptust þær þannig á eftirfarandi málaflokka:

Málaflokkur	Fjöldi heimilda til tolláritunar
Eiturefni	15
Sæfivörur	66
Gróðurhúsalofttegundir	25
Plöntuverndarvörur	18
Önnur efni	66
Samtals	190

Eftirlitsverkefni

Samkvæmt efnalögum skal Umhverfisstofnun útbúa eftirlitsáætlun til þriggja ára og skal fyrsta áætlunin gilda frá 1. janúar 2014. Í 49. gr. laganna segir að Umhverfisstofnun skuli birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið, jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir.

Árið 2013 var unnið samkvæmt bráðabirgðaeftiráætlun sem sett var fram og unnið fyrir árið 2013. Eftirfarandi eftirlitverkefni voru unnið árið 2013:

1. Úttekt á sæfivöruflokkum 1 og 2
2. Eftirlit með varnarefnum á markaði
3. REACH En-Force 3
4. Kortlagning birgja efnavara á Íslandi
5. Skráning eldsneytis skv. REACH

1. Úttekt á sæfivörflokkum 1 og 2

Tilgangur og markmið:

- Að kortleggja innflutning og framleiðslu sæfivara í vörflokkum 1 og 2, sem eru annars vegar sóttþreinsandi efni í hreinlætisvörum fyrir menn og hins vegar sóttþreinsandi efni og aðrar sæfivörur til einkanota og til nota innan heilsugæslunnar. Þessir vörflokkar voru valdir þar sem búist er við að virkum efnum í þeim muni fjölga jákvæðum lista yfir virk efni sem leyfilegt er að nota í sæfivörur, en þá þarf að sækja um markaðsleyfi fyrir vöruna.

Framkvæmd og helstu niðurstöður:

Útbúinn var listi yfir fyrirtæki sem flytja inn sóttþreinsiefni út frá upplýsingum frá Tollstjóra og tímabilið 16.04.2013 til 15.04.2013 valið. Farið var í eftirlit í þessi fyrirtæki þar sem kallað var eftir frekari upplýsingum varðandi vörunar eins og t.d. um framleiðanda, umboðsmann á EES svæðinu, virku efni vörunnar, öryggisblöð og fleira. Auk þess fengust upplýsingar af heimasíðum íslenskra framleiðslufyrirtækja. Farið var í eftirlit hjá eftirfarandi fyrirtækjum:

Artasan	Halldór Jónsson	Medor ehf	Servida - Besta
DEO Pharma ehf.	Inter ehf	Mjöll-Frigg	Smith og Norland
Distica	Kemi	Papco	Tandur
Efnalausnir	Kj. Kjartansson	Parlogis	Tannhjól
Eirberg ehf	Laugin ehf	Rekstrarvörur	
Fastus	Lúkas D. Karlsson	Ræstingaþjónustan	

Við eftirlit kom í ljós kom að í mörgum fyrirtækjanna var lítil vitneskja um þær reglur sem gilda um sóttþreinsandi vörur. Gögnum var safnað í gagnagrunn sem mun nýtast við frekara eftirlit og til að gera fyrirtækjum viðvart þegar áhættumati virkra efna í þeirra vörum er lokið og tími kominn til að sækja um markaðsleyfi fyrir þær. Öllum fyrirtækjum var send samantekt um sæfivörur og þær reglugerðir sem þeim fylgja. Tekinn var saman póstlisti með þessum aðilum til að auðvelt væri að koma skilaboðum, fréttum varðandi virku efnin eða boð á upplýsingafundi til allra.



2. Eftirlit með varnarefnum á markaði

Tilgangur og markmið:

- Að fylgjast með því að varnarefni á markaði séu skráð / hafi markaðsleyfi.
- Að skoða hvort merkingar á varnarefnum séu í samræmi við gildandi lög og reglur.
- Að upplýsa aðila sem markaðssetja varnarefni um skyldur þeirra gagnvart gildandi lögum og reglugerðum á þessu sviði.

Framkvæmd og helstu niðurstöður:

Verkefnið var unnið í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Farið var eftirlit í fylgd með Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þann 11. júní 2013 í fyrirtækin Bauhaus, Frjó Quatro ehf og Blómaval. Engin varnarefni voru til sölu í Bauhaus. Hjá Frjó Quatro ehf voru gerðar athugasemdir við merkingu á tveimur vörum. Hjá Blómavali var farið fram á að tvær vörur sem ekki höfðu markaðsleyfi yrðu teknar úr sölu.

Farið var í eftirlit í fylgd með Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hjá Garðheimum Gróðurvörum ehf þann 26. júní 2013. Gerðar voru athugasemdir við merkingar á 9 vörum þar sem merkingar á íslensku vantaði. Farið var fram á förgun á 10 vörum sem ekki höfðu markaðsleyfi. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fór í eftirfylgni þann 12. september og ítrekaði kröfur um að fyrirtækið brygðist við athugasemdum þess. Þann 30 september barst staðfesting í því að Garðheimar Gróðurvörum ehf hefðu fengið í hendur próförk að íslenskum merkimiðum fyrir þær vörur sem voru vanmerktar og staðfestingu frá Efnamóttökunni hf um förgun á þeim varnarefnum frá Garðheimum Gróðurvörum ehf sem ekki voru með markaðsleyfi hér á landi þegar eftirlitið átti sér stað.

3. REACH en-Force 3

Tilgangur og markmið:

- Að tryggja að efni á íslenskum markaði hafi verið skráð hjá Efnastofnun Evrópu samkvæmt REACH-reglugerðinni sem tryggir að viðkomandi efni hafa verið áhættumetin.
- Að taka þátt fyrir hönd Íslands í samevrópsku eftirlitsverkefni með REACH reglugerðinni í samstarfi við tollayfirvöld. Verkefnið fór fram á sama tíma á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Framkvæmd og helstu niðurstöður:

Sett var á tollasía í samstarfi við Tollstjóra á tímabilinu 15. júlí – 15. september 2013 og fékk Umhverfisstofnun upplýsingar um allar tollafgreiðslur á vörum yfir einu tonni fyrir 17 tollflokka frá 12 upprunalöndum utan EES. Tollasían gaf lista yfir fyrirtæki sem fluttu inn efni frá löndum utan EES.

Umhverfisstofnun hafði samband við fyrirtækin og kallaði eftir skráningarnúmerum efnanna sem fyrirtækin afhentu. Umhverfisstofnun sannreynði síðan að númerin væru í gildi með því að bera þau saman við gagnabanka Efnastofnunar Evrópu.



4. Kortlagning birgja efnavara á Íslandi

Tilgangur og markmið:

- Að fá yfirlit yfir helstu birgja efna og efnablandna, en skv. nýjum efnalögum skal Umhverfisstofnun einbeita sér að birgjum í sínu eftirliti, þ.e. þeim aðilum sem eru efst í aðfangakeðjunni.
- Að búa til gagnagrunn sem mun nýtast í eftirliti á næstu árum og stuðla að betri yfirsýn yfir birgja um landið allt.

Framkvæmd og helstu niðurstöður:

Notast var við gögn m.a. frá Umhverfisstofnun, Tollstjóra, Vinnueftirliti og heilbrigðiseftirlitssvæðum. Samkvæmt nýjum efnalögum féllu úr gildi tvö starfsleyfi 31. des. 2014, sem heilbrigðisnefndir gáfu út. Þetta voru „Verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturfefni“ og „Verslun með fegrunar- og snyrtiefni“. Með niðurfellingu þessara starfsleyfa er eftirlitið færð ofar í aðfangakeðjuna, til birgja sem hafa ríkum skyldum að gegna við markaðssetningu efna og efnablandna. Upplýsingar um þær verslanir þar sem þessi starfsleyfi voru felld úr gildi bárust frá heilbrigðisnefndum og nýttust í þessu verkefni.

Niðurstöður sýndu að fjöldi birgja er um 320 talsins, þar af eru 29 framleiðendur. Þegar horft er á birgjana út frá vöruflokkum þá er skiptingin þannig:

	Fjöldi birgja
Eiturefni	50
Snyrtivörur	53
Þvotta- og hreinsiefni	18
Varnarefni (plöntuverndar- og sæfivörur)	47
Rannsóknir og þróun	13
Málning	10
Annað	128
Samtals	319

Ofangreind gögn verða keyrð saman við upplýsingar um innflytjendur úr tollskrá. Þannig verður til gagnagrunnur sem gefur yfirsýn yfir helstu birgja efna og efnablandna á Íslandi sem mun nýtast í eftirliti Umhverfisstofnunar með efnunum og efnablöndum.

5. Skráning eldsneytis skv. REACH

Tilgangur og markmið:

- Að kanna hvort eldsneyti sem markaðssett er á Íslandi hafi verið skráð samkvæmt REACH-reglugerðinni sem tryggir að viðkomandi efni hafa verið áhættumetin, bæði hjá innflytjendum og eftirnotendum.

Framkvæmd og helstu niðurstöður:

Stuðst var við gögn frá Tollstjóra um innflutning á eldsneyti. Kallað var eftir gögnum frá Atlantsolíu, N1, Olíuverslun Íslands og Skeljungu um tegund eldsneytis, CAS eða EC númer þess, upprunaland, tollskrárnúmer, sendingarnúmer og skráningarnúmer skv. REACH.

Við eftirlitið kom í ljós að fyrirtækin höfðu ekki skráningarnúmerin tiltæk en gátu öll kallað eftir þeim hjá sínum birgjum og afhent Umhverfisstofnun. Skráningarnúmer fyrir það eldsneyti sem fyrirtækin markaðssettu á Íslandi 2012 og 2013 voru afhent og gat Umhverfisstofnun sannreynt að þau voru í gildi, með því að bera þau saman við gagnabanka Efnastofnunar Evrópu.

Viðbrögð við tilkynningum HES um vanmerkta vöru

Samkvæmt nýjum efnalögum er eitt af hlutverkum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga (HES) að hafa eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndin gefur út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Upplýsa skal Umhverfisstofnun um niðurstöður eftirlitsins og bregst stofnunin síðan við og gerir kröfur til birgjans um að gera úrbætur á merkingum vörunnar.

Árið 2013 bárust 59 margar tilkynningar um vanmerkta vörur frá HES og var brugðist við á eftirfarandi hátt:

Þvingunarúrræði	Fjöldi
Krafa um úrbætur	47
Áform um áminningu	17
Áminning	0

Skýrsluskil til ESA og UNEP

Umhverfisstofnun ber skylda til skv. lögum og reglugerðum að skila ýmsum gögnum til Eftirlitsstofnunar Evrópu og UNEP

Skýrsla	Dagsetning sent
Quality data for petrol and diesel fuel in Iceland in 2012	2. júlí
Sulphur content of marine fuels in Iceland 2012	2. júlí
Ozone Depleting Substances for the year 2012	27. júní

Fræðsla og kynning Umhverfisstofnunar

Á hverju ári heldur efnateymið fundi til að kynna breytingar á lögum og reglugerðum fyrir bæði önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila. Eftirtaldir kynningarfundir voru haldnir árið 2013:

<p>Kynning á nýrri tilskipun ESB um brennistein í skipaolíu</p> <ul style="list-style-type: none"> • 17. apríl: Fyrir olúfélögin • 24. apríl: Fyrir LÍÚ og Siglingastofnun
<p>Kynning á nýrri reglugerð um snyrtivörur</p> <ul style="list-style-type: none"> • 8. maí: Fyrir snyrtivöruframleiðendur og önnur stjórnvöld
<p>Kynning á nýjum efnalögum</p> <ul style="list-style-type: none"> • 13. júní: Fyrir heilbrigðisnefndir og –eftirlit sveitarfélaga • 10. sept.: Fyrir Vinnueftirlit ríkisins • 12. sept.: Fyrir Neytendastofu og Eitrunarmiðstöð Landspítalans • 19. sept.: Fyrir Mannvirkjastofnun og slökkviliðin • 24. sept.: Fyrir embætti Tollstjóra
<p>Kynningarfundur um skyldur þeirra sem markaðssetja efni, efnablöndur og hluti sem innihalda efni, í samstarfi við Efnastofnun Evrópu og Samtök iðnaðarins</p> <ul style="list-style-type: none"> • 8. sept: Opinn fundur og mættu hátt 60 manns í húsakynni SI
<p>Kynningarfundur um stöðu efnamála</p> <ul style="list-style-type: none"> • 6. nóv: Fyrir fulltrúa SI, SVP og SA
<p>Kynningarfundur um reglugerð um meðferð varnarefna og notendaleyfi</p> <ul style="list-style-type: none"> • 26. nóv.: Fyrir Rannsóknarmiðstöð landbúnaðarins, Bændasamtök Íslands og Samtök garðyrkjubænda. • 29. nóv.: Fyrir Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu og Landssamtökum meindýraeyða.

Norrænt og evrópskt samstarf

Mikilvægur þáttur í starfi efnateymis er samstarf innan Norðurlanda og Evrópu við túlkun og framkvæmd efnalöggjafarinnar. Innan Norðurlanda er unnið í misstórum hópum og er bæði fundað í gegnum síma og haldnar ráðstefnur. Efnateymið tók þátt ýmsum símafundum á árinu og sótti einnig eftirfarandi fundi/námskeið/ráðstefnur árið 2013:

Dagsetning	Fundur
28. jan. – 1. feb.	Fjögurra daga námskeið hjá Miljóstýrslsen í Kaupmannahöfn þar sem lögð var áhersla á skipulag og framkvæmd eftirlits, áhættumat og fleira. Þrír starfsmenn Umhverfisstofnunar sóttu námskeiðið sem var styrkt af TAIEX (Technical Assistance and Information Exchange) sem er sjóður innan Evrópusambandsins.
13.-14. mars	HelpNet, samráðsfundur ECHA og þeirra aðila í aðildarríkjum sem reka og starfa við upplýsingaborð vegna REACH og CLP, haldinn í Helsinki, Finnlandi. Einn starfsmaður frá Umhverfisstofnun tók þátt.
21.-22. maí	Fundur norræna samráðshópsins um plöntuverndarvörur. Helsinki, Finnlandi. Einn starfsmaður frá Umhverfisstofnun tók þátt.
27. maí- 2. júní	Norræni efnaeftirlitsfundurinn. Fundurinn var haldinn á Íslandi og sá Umhverfisstofnun um skipulagningu. 8 þátttakendur tóku þátt frá Íslandi, 6 frá Umhverfisstofnun og 2 frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.
26.-28. ágúst	Ráðstefna og fundur norræna samráðshópsins um sæfivörur. Stokkhólmur, Svíþjóð. Einn starfsmaður Umhverfisstofnunar tók þátt.
21.-23. október	Vinnufundur hjá EMSA (European Maritime Safety Agency) um framkvæmd tilskipunar um brennistein í skipaolíu. Lissabon, Portúgal. Einn starfsmaður Umhverfisstofnunar tók þátt.
27.-31. október	Fundur samráðshóps Efnastofnunar Evrópu og aðildarríkja um framkvæmd REACH og CLP reglugerðanna. Helsinki, Finnlandi. Einn starfsmaður Umhverfisstofnunar tók þátt.
4.-7. nóv.	Fundur norræna samráðshópsins og ráðstefna um plöntuverndarvörur. Riga, Lettlandi. Einn starfsmaður frá Íslandi tók þátt.
5.-6. nóv.	Norrænt námskeið í túlkun og framkvæmd reglugerðar um flokkun og merkingu efna og efnablanda (CLP). Tveir starfsmenn frá Umhverfisstofnun tóku þátt.
13.-14. nóv.	Fundur norræna samráðshópsins um sæfivörur. Kaupmannahöfn, Danmörku. Einn starfsmaður Umhverfisstofnunar tók þátt.
19.-21. nóvember	Norrænn samráðsfundur um gerð reglna um hormónaraskandi efni og kokteíláhrif, Osló, Noregur. Einn starfsmaður Umhverfisstofnunar tók þátt.
4.-5. desember	Ráðstefna og norrænn vinnufundur um samstarf Norðurlandþjóða um hættuleg efni í textílvörum. Stokkhólmur, Svíþjóð. Einn starfsmaður Umhverfisstofnunar tók þátt.

Fréttir og fjölmiðlaumfjöllun

Efnateymið sér um textagerð um lög og reglur er varða efni, efnablöndur og hluti sem innihalda efni á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.ust.is/atvinnulif/efni/> og eru fréttir af starfi teymisins birtar á heimasíðunni.

Efnateymið kemur einnig að gerð texta á upplýsingasíðu Umhverfisstofnunar fyrir almenning, www.graenn.is þar sem gefin eru góð ráð til að lágmarka snertingu við óæskileg efni í neytendavörum. Meðlimir teymisins fóru fjórum sinnum í fjölmiðla til að ræða efni í neytendavörum:

Dags.	Fjölmiðill	Frétt
13. feb.	Rás 2	Efnainnihald í andlitsmálningu í tilefni Öskudags
5. apríl	Rás 2	Tríklósan í neytendavörum
24. sept.	Rás 2	Musk-xylene og almennt um ilmefni í neytendavörum
17. okt.	Stöð2	Paraben í snyrtivörum